

GJALDSKRÁ

vegna úttekta-, vottorða- og íbúðaskoðanagjalda í Mosfellsbæ.

1. gr.

Fyrir úttektir, vottorð, skjalagerð og yfirlestur ýmiss konar og íbúðaskoðanir sem gerðar eru vegna nýbygginga, viðbygginga og breytinga á eldri byggingum í Mosfellsbæ, skal byggingarfulltrúinn í Mosfellsbæ í umboði bæjarstjórnar innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Fyrir neðangreindar úttektir og með tilvísan til byggingarreglugerðar nr. 441/1998 skal byggingarfulltrúi innheimta gjöld sem hér segir:

	kr.
a) Fyrir úttekt vegna byggingarstjóráskipta	10.800
b) Fyrir úttekt vegna meistaraskipta	5.700
c) Fyrir áfangaúttekt, sbr. 48. gr.	5.700
d) Fyrir lokaúttekt, sbr. 53. gr.	10.800
e) Fyrir stöðuúttekt, sbr. 55. gr.	10.800

3. gr.

Byggingarfulltrúi áætla fjölda áfangaúttekta samkvæmt c-lið 2. gr. áður en byggingarleyfi er gefið út.

4. gr.

Fyrir neðangreind vottorð, skjalagerð og yfirlestur ýmiss konar og með tilvísun til byggingarreglugerðar nr. 441/1998 og 53. gr. laga nr. 73/1997 skal byggingarfulltrúi innheimta gjöld sem hér segir:

<i>Sbr. byggingarreglugerð nr. 441/1998:</i>		kr.
a) Lokaúttektarvottorð, sbr. 54. gr.		6.200
b) Fokheldisvottorð, sbr. 55. gr.		17.000
c) Stöðuvottorð		6.200
<i>Sbr. 53. gr. laga nr. 73/1997:</i>		
d) Stofnskjalagerð, stór		10.300
e) Stofnskjalagerð, lítil		3.100
f) Yfirlestur eignaskiptayfirlýsingar, stórrar		20.600
g) Yfirlestur eignaskiptayfirlýsingar, lítillar		10.300
h) Samrunaskjalagerð		15.500
i) Útsetning húss og lóðar, með tékkmælingu		56.600
j) Útsetning húss og lóðar, einföld útsetning		30.900

Vegna aðkeyptrar yfirferðar séruppdráttar verður innheimt sérstaklega samkvæmt reikningi hverju sinni.

5. gr.

Vegna skoðunarskýrslu byggingarfulltrúa á áður gerðum íbúðum skal byggingarfulltrúi innheimta skoðunargjald sem hér segir:

Fyrir hverja skoðun kr. 8.700.

6. gr.

Byggingarfulltrúi annast innheimtu allra gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi, sbr. 3. mgr. 55. gr. skipulags- og byggingarlaga.

7. gr.

Greiða skal gjald sbr. c-lið 2. gr. við útgáfu byggingarleyfis og önnur gjöld áður en úttektir fara fram.

Greiða skal gjald vegna vottorða, sbr. 4. gr. við afhendingu þeirra.

Greiða skal skoðunargjald sbr. 5. gr. þegar lögð er inn beiðni um skoðun.

8. gr.

Gjöld vegna áfangaúttekta skal endurgreiða komi ekki til verkframkvæmda á gildistíma byggingarleyfis.

9. gr.

Virðisaukaskattur leggst ekki á gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

10. gr.

Gjöld innheimt samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til greiðslu sannanlegs kostnaðar við einstaka verkþætti gjaldskrárinnar.

11. gr.

Gjaldskrá þessi sem öðlast þegar gildi er samþykkt er af bæjarstjórn Mosfellsbæjar með heimild í 53. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, sbr. einnig 27. gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá um sama efni nr. 256 frá 16. febrúar 2005.

Bæjarritarinn í Mosfellsbæ, 1. janúar 2007.

Stefán Ómar Jónsson.

B-deild – Útgáfud.: 30. apríl 2007